

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2002

30. ágúst 2002

1677

Nr. 630

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. október 2002 verði 25% af dilkum. Frá 1. nóvember til og með 17. nóvember verði útflutningshlutfallið 16%, en 8% frá 18. nóvember til og með 31. desember 2002. Fyrir sömu tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

20. ágúst 2002

Nr. 631

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegjar“ vegna Dalshrauns 7 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. júní 2002 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegjar“ vegna Dalshrauns 7 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í meginatriðum í því að gerð er breyting á staðsetningu byggingarreita og hæðum húsa.

Farið var með tillöguna samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. ágúst 2002.

F. h. bæjarskipulags Hafnarfjarðarbæjar,
f. h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,
Lilja Grétarsdóttir arkitekt.